



28. febrúar 2024

Nýtt afl á fjármálamarkaði

Ársuppgjör samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. árið 2023

Helstu lykiltölur ársins 2023

Samstæðan

- Hagnaður eftir skatta nam 1.832 milljónum króna.
- Hagnaður, án einkisliða, nam 2.828 milljónum króna.
- Undir einkisliðum er m.a. niðurfærsla hugbúnaðar að fjárhæð 805 milljónir króna sem hefur neikvæð áhrif á afkomu félagsins á árinu en hefur engin áhrif á gjaldþol og mun leiða til lægri afskrifta til framtíðar. Auk þess féll til einkisliðakostnaður á árinu að fjárhæð alls 191 milljón króna vegna sameiningar við Fossa, forstjórnarskipta hjá VÍS og undirbúnings tilfærslu tryggingarekstrar í dótturfélag. Samtals nema einkisliðir um 996 milljónum króna.
- Arðsemi eigin fjár var 10,2% (arðsemi eigin fjár án einkisliða nam 15,8%).
- Hagnaður á hlut nam 0,97 kr. á árinu.
- Eigið fé samstæðunnar nam 21,2 milljarði króna í lok árs.

Tryggingastarfsemi

- Sókn er hafin í tryggingastarfsemi með 8,2% tekjuvöxt milli ára og 9,3% á 4F 2023.
- Stórtjón hafa neikvæð áhrif á samsett hlutfall ársins sem er 99,5%.
- Afkoma af vátryggingasamningum nam 143 milljónum króna þar sem bæði tjónahlutfall var óhagstætt og kostnaðarhlutfall yfir markmiðum.
- Undir lok árs voru hagræðingaraðgerðir framkvæmdar í tryggingastarfseminni sem munu koma fram í lækkun á kostnaðarhlutfalli.

Fjármálastarfsemi

- Fossar fjárfestingarbanki kemur inn í samstæðu frá og með 4F 2023 og SIV hóf rekstur um mitt ár.
- Tekjur af fjármálastarfsemi Fossa og SIV námu 494 m.kr.
- Eignir í stýringu (e. AuM) námu 117 milljörðum króna¹ í lok árs.

Fjárfestingar

- Árangur fjárfestinga var góður og var ávöxtun heildarsafns umfram viðmið.
- Fjárfestingartekjur námu 4.753 milljónum króna, sem samsvarar 10,7% ávöxtun.

¹ AuM eru eignir í stýringu og umsýslu hjá Fossum og SIV, þ.m.t. ráðstöfun viðskiptavina í erlenda sjóði stýrenda í samstarfi við Fossa.

Haraldur Þórðarson, forstjóri samstæðu:

„Síðasta ár var viðburðaríkt þar sem ný samstæða varð til með sameiningu VÍS og Fossa. SIV eignastýring hlaut jafnframt starfsleyfi á árinu og hóf starfsemi. Þar með var grunnur lagður að nýju afli á fjármálamarkaði sem stefnir á arðbæran vöxt á sviði trygginga, fjárfestingarbankastarfsemi og eignastýringar. Á síðasta ári fór mikill kraftur í sameiningu og svo samþættingu félaganna. Nýtt framtíðarskipulag samstæðu hefur verið kynnt og samþykkt af hluthöfum með tilfærslu tryggingareksturs í dótturfélag. Samstæðan skilaði 1.832 milljónum króna í hagnað eftir skatt á árinu, en hagnaður án einskisliða nam 2.828 milljónum króna.

Mikill vöxtur í sölu trygginga

Mikill vöxtur var í sölu trygginga hjá einstaklingum og fyrirtækjum á árinu, en umtalsverð áhersla hefur verið lögð á sókn og aukna markaðshlutdeild. Við erum stolt af því að 13% aukning var í sölu líf- og sjúkdómatrygginga, sem er mesti vöxtur undanfarin tíu ár. Fyrirkomulagi sölu var algjörlega umbylt, veruleg styrking átti sér stað á landsbyggðinni og ný netverslun var kynnt til sögunnar. VÍS var eina tryggingafélagið sem hækkaði í Íslensku ánægjuvöginni sem eru mikilvæg tímamót þar sem unnið hefur markvisst að því að bæta upplifun viðskiptavina. Niðurstaða úr vinnustaðagreiningu, sem framkvæmd var í lok árs, hefur aldrei verið betri en hjá VÍS starfar afar helgað og ánæggt starfsfólk.

Á árinu 2023 voru teknar ákvarðanir sem hafa kostnaðarlækkandi áhrif og bæta afkomu tryggingarekstrar til framtíðar í átt að markmiði um 95% samsett hlutfall. Niðurfærsla hugbúnaðar að fjárhæð 805 milljónum króna hefur neikvæð áhrif á afkomu félagsins á árinu 2023 en mun leiða til lægri afskrifta framvegis. Breyttar áherslur í stefnumörkun tryggingafélagsins um að verða sölu- og þjónustudrifið fyrirtæki þýðir að það hverfur frá fyrri áherslum um að verða „stafrænt þjónustufyrirtæki“. Þessi áherslubreyting fól í sér endurmat á eignfærðum hugbúnaði félagsins sem leiddi til niðurfærslu á þeim eignum að fullu í árslok.

Árið var óvenjulega tjónþungt, bæði í tíðni en líka stærð tjóna. Alls voru sex stórtjón á árinu sem höfðu áhrif á afkomu ársins, en hvert stórtjón er hærra en 100 milljónir. Afkoma af váttryggingasamningum nam 143 milljónum króna á árinu og samsett hlutfall var 99,5%.

Góður árangur af fjárfestingum

Árangur fjárfestinga á árinu var góður og var ávöxtun heildarsafns umfram viðmið. Fjárfestingartekjur námu 4.753 m.kr. á árinu sem samsvarar 10,7% ávöxtun en til samanburðar nam viðmiðið 2,4% hækkun á ávöxtun. Í virkilega krefjandi markaði skiluðu allir eignaflokkar safnsins jákvæðri ávöxtun, þó mest frá skuldabréfum og óskráðum hlutabréfum.

Kraftmikil viðspyrna í lok árs

Félagið er rétt að hefja vegferð sína í fjárfestingarbankastarfsemi og eignastýringu og hefur metnaðarfull markmið um vöxt á íslenskum fjármálamarkaði. Rekstur Fossa og SIV er kynntur sameiginlega sem fjármálastarfsemi samstæðunnar. Á þessum fyrstu stigum í fjármálastarfsemi eru skýr merki um traust fjárfesta með aukningu eigna í stýringu á árinu. Í lok árs voru eignir í stýringu Fossa og SIV um 117 milljarðar króna og SIV er nú með tíu sjóði í stýringu. Samhliða betri markaðsaðstæðum undir lok síðasta árs hefur rekstur Fossa með nýjum tekjusviðum bankans skilað auknum tekjum og gefur góð fyrirheit fyrir framhaldið. Nýtt ár byrjar af miklum krafti. Rekstrarniðurstaða af fjármálastarfsemi á fjórða ársfjórðungi er tap upp á fjórar m.kr. eftir skatta.

Tilfærsla tryggingarekstrar

Hluthafar samþykktu með afgerandi meirihluta að færa tryggingastarfsemina í dótturfélagið *VÍS tryggingar hf.* á hluthafafundi þann 17. janúar síðastliðinn. Undirbúningi tilfærslunnar er nú lokið og búið er að skila inn umsókn til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um starfsleyfi dótturfélagsins ásamt heimild fyrir tilfærslu á váttryggingastarfseminni. Væntingar eru um að tilfærslunni ljúki á næstu mánuðum.

Skýr markmið til framtíðar

Skýr markmið samstæðu hafa verið sett til næstu þriggja ára um arðsemi, hagnað á hlut, tekjur af kjarnastarfsemi, samsett hlutfall og eignir í stýringu auk markmiðs um tekjur af fjármálastarfsemi. Rík áhersla er lögð á aukinn vöxt í kjarnastarfsemi, þ.e. trygginga- og fjármálastarfsemi, og þar með aukna dreifingu tekna samstæðunnar sem mun skapa aukið virði fyrir hluthafa til framtíðar.

Nýtt afl á fjármálamarkaði

Frá því að sameining félaganna var frágengin í byrjun október á síðasta ári hefur mikil vinna farið fram í tengslum við samþættingu þeirra og innleiðingu á framtíðarfyrirkomulagi samstæðunnar. Nú þegar samþættingu er lokið kynnum við nýtt nafn og vörumerki móðurfélagsins til sögunnar. Nýtt afl á fjármálamarkaði er tilbúið til sóknar.“

Aukin upplýsingagjöf til fjárfesta

Ný samstæða hyggst leggja áherslu á aukna upplýsingagjöf til fjárfesta og liður í því er að veita nánari upplýsingar um horfur í rekstri fyrir hvert rekstrarár. Horfur í rekstri fyrir rekstrarárið 2024 eru settar fram fyrir þrjár megin tekjustoðir í rekstri samstæðunnar með eftirfarandi hætti²:

- Tryggingastarfsemi (VÍS): Samsett hlutfall verði á bilinu 94% – 97%. Markmið <95%.
- Fjármálastarfsemi (Fossar og SIV): Hreinar fjármálatekjur³ nemi á bilinu 1.900 – 2.600 m.kr. Markmið >2.200 m.kr.
- Fjárfestingartekjur: Áætluð ávöxtun fjárfestingareigna á árinu er 11% en það er byggt á forsendum miðað við vaxtastig í upphafi árs og fjárfestingarstefnu. Félagið mun áfram upplýsa ársfjórðungslega um samsetningu eignasafnsins en ekki verður tilkynnt um frávik frá áætlaðri ávöxtun ársins.⁴

Stefna um arðgreiðslur og endurkaup

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð um 0,5244 kr. á hlut eða 1.000 milljón krónur til hluthafa vegna rekstrarársins 2023. Stefna félagsins er að greiða árlega arð sem nemur yfir 40% af hagnaði síðasta árs eftir skatta. Félagið tilkynnti þann 24. janúar sl. um framkvæmd endurkaupaáætlunar sem nemur allt að 500 milljónum króna að markaðsvirði (eða að hámarki 30 milljón hluta) sem mun ljúka eigi síðar en 15. mars nk.

² Upplýst verður um afkomuhorfur í trygginga- og fjármálastarfsemi ef þær breytast frá þeim vikmörkum sem kynnt eru hér.

³ Hreinar fjármálatekjur eru allar tekjur Fossa Fjárfestingarbanka og SIV eignastýringar, þ.m.t. hreinar vaxta- og þóknatekjur, fjármunatekjur þeirra og aðrar tekjur.

⁴ Um er að ræða áætlaða ávöxtun fjárfestingareigna VÍS. Ekki verður upplýst um frávik frá áætlaðri ávöxtun fjárfestingareigna. Félagið birtir upplýsingar um stærstu eignir í fjárfestingarstarfsemi í fjárfestakynningum ársfjórðungslega. Hafa skal í huga að heildarstærð fjárfestingarsafnsins getur hækkað og lækkað vegna verðbreytinga, arðgreiðslna, endurkaupa, tilfærslu á ráðstöfun fjármagns innan samstæðu o.fl.

Kynningarfundur

Kynningarfundur vegna uppgjörsins verður haldinn 29. febrúar, klukkan 8:30 í höfuðstöðvum félagsins í Ármúla 3, Reykjavík. Haraldur Þórðarson, forstjóri samstæðu, og Brynjar Þór Hreinsson, fjármálastjóri samstæðu, munu kynna uppgjörið. Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinu streymi og nálgast má upptöku af honum á fjárfestasíðu félagsins. Þar verður einnig hægt að nálgast kynningarefni fundarins.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur 2024 || 21. mars 2024

Fyrsti ársfjórðungur || 30. maí 2024

Annar ársfjórðungur || 29. ágúst 2024

Þriðji ársfjórðungur || 28. nóvember 2024

Ársuppgjör 2024 || 27. febrúar 2025

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Erla Tryggvadóttir, samskiptastjóri, í síma 660-5260 eða með netfanginu fjarfestatengsl@vis.is